

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Knútur Hallsson*

4. apríl 1974.

Nr. 123.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 20 frá 18. mars 1961 fyrir  
Verslunarbanka Íslands h.f.

### 1. gr.

Í stað orðanna „10 230 millj. króna“ í 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar komi: 100 milljónir króna.

### 2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, svo og bankaráð, sem kosið er á aðalfundi bankans. Er það skipað fimm aðal-mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð ræður bankastjóra, einn eða fleiri.

### 3. gr.

Í stað orðanna „3 bankaráðsmenn“ í 3. málsl. 1. mgr. 39. reglugerðarinnar komi: 5 bankaráðsmenn.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem hlaut meðferð og afgreiðslu á aðalfundi Verslunarbanka Íslands h/f 7. apríl 1973, staðfestist hér með.

*Viðskiptaráðuneytið, 4. apríl 1974.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Dórhallur Ásgeirsson.*

5. apríl 1974.

Nr. 124.

## AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á skyldunámsstigi  
skólaárið 1974—1975.

1. Auglýsing þessi tilgreinir þann ramma, sem miða skal við, þegar stundaskrá nemenda í skyldunámi skólaárið 1974—1975 er ákveðin. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 136 frá 6. apríl 1973.
2. Neðangreindur stundaskrárramma tiltekur það meðaltal kennslustunda, sem hver nemandi skal fá á viku hverri. Undantekning frá þessu er þó neðsta lína töflunnar, „Kennarastundir til ráðstöfunar“, sbr. 3. lið.

3. Auk þeirra nemendastunda, sem stundaskrárramminn tilgreinir, fær skóli **kennarastundir til ráðstöfunar**, sem svarar einni vikustund á hverja „hliðstæðu“ **fullskipaðra bekkjardeilda** (þ. e. miðað við a. m. k. 25 nemendur að meðaltali í deild) í hverjum árgangi.

Þessar stundir má skóli nota m. a. til þess að skipta bekkjardeild í kennslu eða til viðbótarnáms, án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið.

Heimilt er skóla að flytja umræddar kennarastundir milli bekkja, ef ástæða er talin til.

4. Um frávik frá því, sem tilgreint er í stundaskrárrammanum, gilda ákvæði Námskrár fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, útg. af menntamálaráðuneytinu 1960. Auk þess getur menntamálaráðuneytið veitt sérstakar undanþágur eða fráviksheimildir, ef rökstuddar óskir berast um slíkt.

#### Skipting stundaskrár.

	Bekkur							
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.
Móðurmál (þ. á m. lestur og skrift) . .	10	10	10	9	9	8	6	5
Reikningur/stærðfræði . . . . .	4	4	4	4	5	5	5	5
Áthagafræði . . . . .	3	4	4					
Kristin fræði . . . . .				2	2	} 7	2	
Saga, félagsfræði og landafræði . . . . .				4	3		4	4
Líffræði, eðlis- og efnafræði . . . . .				2	3		4	4
Danska . . . . .				3	2	3	3	4
Enska <sup>1)</sup> . . . . .						3	4	5
Tónmennt . . . . .	1	1	1	1	1	1	1	1
Handavinna . . . . .			2	2	2	3	2—4	2—4
Teiknun . . . . .				2	2	2	2	2
Heimilisfræði . . . . .							0—4	0—4
Íþróttir <sup>2)</sup> . . . . .	2	2	2	2	3	3	3	3
Til ráðstöfunar . . . . .		1	1				1	2
Vikulegar kennslust./nem. alls 3) . . .	20	22	24	31	32	35	37	37
Vikulegar kennslust. í mínútum 3) . .	800	880	960	1240	1280	1400	1480	1480
Kennarastundir til ráðstöfundar . . . .	1	1	1	1	1	1	1	1

Skýringar: 1) Skólum er ekki skylt að kenna ensku í 6. bekk, enda þótt slík kennsla sé talin æskileg, m. a. vegna framhaldsnáms í greininni í 7.—9. bekk. Kenni skóli ekki ensku í 6. bekk, er heimilt að leggja þær kennslustundir, sem um ræðir, 3 stundir á viku, til annarra námsgreina.

2) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.

3) Heimilisfræði og sund eru ekki meðtalin í summuni.

*Menntamálaráðuneytið, 5. apríl 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

**Birgir Thorlacius.**

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðufsaframleiðslu fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðu-